

FLJÓTASIGLING Á RHÔNE



5. – 14. ágúst 2026

Fararstjórn: Ósk Vilhjálmsdóttir

Sumar 16

Frakkland | Sviss

Ferðalýsing

Glæsileg fljótasigling um rótgróin héruð Suður-Frakklands eftir ánum **Rhône** og **Saône** þar sem fara saman glæsilegar byggingar frá liðinni tíð og undurfagurt landslag. Ferðin hefst í Aix en Provance sem telst með fallestri borgum landsins. Siglingin byrjar í **Lyon**, sem er við hin einstaklega töfrandi ármót Rhône og Saône. Við siglum með **MS Van Gogh** og á leið okkar kynnumst við hrífandi fögru landslagi, fallegum borgum, köstulum, litríkum þorpum og fræðumst um sögu og menningu svæðisins. Fjölmargt verður einnig skoðað í landi, m.a. njótum við töfra **Beaujolais** og **Maconnais** vínrykjuhéraðanna og ökum að klaustrinu **Cluny** en á miðöldum var það eitt mikilvægasta klaustur Evrópu. Fegurðin lætur ekki á sér standa á siglingu til hinnar fornu rómversku borgar **Mâcon** og á leið til litríku borgarinnar **Vienne** sem var annar höfuðstaður Gallíu á tímum Rómaveldis. Við líðum hér áfram á siglingu inn í **Provence** héraðið sem er rómað fyrir fegurð og fetum í fótspor listamannsins Van Gogh í borginni **Arles**. Upplifum hið fallega **Camargue** svæði sem er friðlýst vatnasvæði og þorp og bæi með langa sögu en pílgrímsbærinn **Saintes Maries de la Mer** er einn slíkur. Siglum til **Avignon** þar sem við kynnumst þessari fornu borg í skemmtilegri skoðunarferð og skoðum m.a. Palais des Papes og förum að brúnni Pont Saint-Bénézet. Siglum einnig fagra leið um Côtes du Rhône vínrykjuhéraðið að klassíska vínbænum **Tournon** en þar njótum við undurfallegs útsýnis yfir á bæinn Tain l'Hermitage sem er í einu merkilegasta vínrykjuhéraði Frakklands. Siglum til bæjarins **Viviers** og að lokum aftur til Lyon. Til að kóróna upplifunina dveljum við eina nótt í bænum **Annecy** sem er einn fallegasti bær frönsku Alpanna við Annecy vatnið.

9 dagar | 8 nætur

1 nótt Aix en Provance | 7 nætur MS Van Gogh | 1 nótt Annecy



5. ágúst | Flug til Nice & Aix en Provance

Brottför frá Keflavík kl. 8:20. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending á Nice flugvelli kl. 14:40 að staðartíma. Nú verður stefnan tekin á Aix in Provence þar sem gist verður fyrstu nóttina.

6. ágúst | Aix en Provance & sigling með MS Van Gogh á Saône & Rhône

Byrjum þennan ljúfa dag á að aka inn í borg en Aix-en-Provence er með stærri háskólaborgum landsins og nema þar um 30.000 háskólanemar. Segja má að borgin sé með dýrustu en einnig glæsilegustu borgum landsins, umkringd fjöllum og sléttum. Á listasöfnum og í kirkjum borgarinnar má líta glæsta fortíð en einnig bera fjölmargar einkahallir sem byggðar voru í barokkstíl á 17. og 18. öld merki um glæsileikann. Í dag eru þessar einkahallir reknar sem lúxushótel. Förum í stutta göngu um elsta hluta borgarinnar og síðan verður gefin frjáls tími til að kanna borgina á eigin vegum. Eftir hádegi verður stefnan sett á borgina Lyon en þar bíður okkar fljótaskipið MS Van Gogh sem er sannkallað fljótandi eðlahótel. Á fljótaskipinu verður gist í sjö nætur í mjög þægilegum, vel búnum káetum. Við verðum boðin velkomin í stuttri athöfn áður en kvöldverður hefst. Skipið liggur hér við festar yfir nóttina.

7. ágúst | Lyon & töfrandi sigling til Mâcon

Eftir morgunverð höldum við í skoðunarferð um Lyon, sem er önnur fjölmennasta borg Frakklands. Við skoðum elsta hluta borgarinnar, St. Jean, sem stendur á tunganum við ármót Rhône og Saône, og torgin Place des Terreaux og Place Bellecour sem teljast til stærstu torga Evrópu. Við höldum til baka á skipið og á meðan við borðum hádegisverð lætur skipið úr höfn og við stefnum á hina fornu rómversku borg Mâcon. Við líðum áfram á siglingu á ánni Saône og njótum töfrandi náttúruvegurðar vínæktarhéraðanna Beaujolais og Maconnais, siglum meðfram breiðum reyrþykkni, gömlum bátum og framhjá bæjunum Belleville og Villefrance. Upplagt er að setjast upp á sóldekkið eftir hádegisverð og njóta fegurðar héraðanna. Á meðan á kvöldverði stendur leggur skipið að landi í Mâcon en borgin gegndi lykilhlutverki í starfi frönsku andspyrnuhreyfingarinnar í seinni heimstyrjöldinni og var fyrsta borgin á frísvæðinu milli Parísar og Lyon. Hér liggur skipið við festar yfir nótt.



8. ágúst | Klaustrið Cluny & sigling til Vienne

Þessi ljúfi dagur byrjar á morgunverði en eftir það er skoðunarferð með rútunni okkar í klaustrið Cluny sem var eitt mikilvægasta klaustur Evrópu á miðöldum. Árið 910 var klaustrið stofnað af hinni heimsfrægu Benediktínareglu en á hápunkti hennar var nokkur hundruð klastrum stjórnað hédan. Hin volduga klausturkirkja Cluny klaustursins var stærsta kirkja kristna heimsins allt þar til Péturskirkjan í Róm var byggð. Það er mikil upplifun að koma hér. Nú verður ekið til baka að skipinu þar sem bíður okkar hádegisverður. Við njótum þess að sitja uppi á sóldekki á ljúfri siglingu þessa rómantísku og undurföggu leið suður til fornu rómversku borgarinnar Vienne við ána Rhône en þar leggjum við að rétt fyrir miðnætti.



9. ágúst | Skoðunarferð um Vienne & sigling til Arles

Við eigum góðan morgun í borginni Vienne sem geymir umtalsverðar minjar frá tímum Rómaveldis og státar sig af fjallinu Mont Pipet sem prýðir borgina. Á tímum Rómaveldis var borgin önnur höfuðborg suðurhluta Gallíu og ber hún vitni um mikilvæga fortíð en m.a. má þar finna hof Ágústusar og Livíu, hringleikahúsið og litlar, kræklóttar götur. Einnig verður hér tími til að kanna líf bæjarbúa á eigin vegum. Nú bíður okkar hádegisverður á skipinu okkar og upplifum við einstakt útsýni og mikinn fjölbreytileika í landslaginu á leið suður til Arles. Eftir hádegisverð njótum við þess að sitja uppi á sóldekki og líða áfram eftir Rhône.



10. ágúst | Arles & Camargue vatnasvæðið

Undir morgun leggur skipið við bryggju í Arles. Eftir morgunverð verður farið í skemmtilega skoðunarferð um helstu staði í þessari einstöku borg sem er ein af perlum Suður-Frakklands. Á ljúfri göngu verður komið að hinu margrómaða rómverska hringleikahúsi. Við fetum í fótspor listamannsins Van Gogh en hann dvaldi í borginni um tíma og málaði þar mörg sín þekktustu verk, þ.á m. *Gula kaffihúsið* og *Gamla spítalann*. Nú bíður okkar



hádegisverður um borð í MS Van Gogh en eftir hádegi förum við með rútunni í ferð um Camargue svæðið sem er friðlýst vatnasvæði myndað af framburði Rhône og telst með fallegri náttúrusvæðum Evrópu. Þar má sjá hópa af flamingóum, svörtum nautum og hvíta arabíska hesta sem eru einkennandi fyrir svæðið. Á þessari leið verður komið við í strandbænum Saintes Maries de la Mer sem er yndislegur pílgrímsbær við Miðjarðarhafið. Um kvöldið njótum við glæsilegs hátíðarkvöldverðar og skemmtiatriða á veitingastað skipsins og eigum góða stund saman í dansi og gleði fram á kvöld.

11. ágúst | Arles, Avignon & Viviers



Skipið hefur nú tekið stefnu á borgina Avignon og eftir morgunverð verður haldið í fróðlega skoðunarferð um borgina þar sem við upplifum helstu staði hennar, falleg miðaldastræti, litrík hverfi og hrífandi torg. Þessi fallega borg er komin á heimsminjaskrá UNESCO. Borgarmúrarnir um gamla bæinn hafa varðveist með eindæmum vel en innan þeirra er að finna fjölda sögufrægra staða. Við munum staldra við nokkra þeirra á göngu okkar um borgina, s.s. Palais des Papes,

höllina sem var íverustaður páfans á 14. öld, dómkirkjuna og það sem eftir er af brúnni Saint-Bénézet. Á meðan við snæðum hádegisverð leysir skipið landfestar og við siglum aftur norður ána Rhône og stefnum til biskupaborgarinnar Viviers þar sem skipið leggur að seinnipart dags. Einstakur blær er yfir þessum stað og er upplagt að fara í kvöldgöngu um sjarmerandi stræti, lítil torg og líta inn í St. Vincent dómkirkjuna. Draumfagurt útsýni er yfir bæinn og Rhônedalinn. Skipið liggur hér í höfn í nótt.

12. ágúst | Viviers & Tournon

Meðan á morgunverði stendur tekur skipið stefnuna á bæinn Tournon-sur-Rhône og um hádegi leggjum við að bryggju. Eftir hádegi er frjáls tími til að kanna þennan klassíska vínbæ á eigin vegum og njóta útsýnis yfir á Tain-l'Hermitage en hann er í einu merkilegasta vínrykjuhéraði Frakklands. Um kvöldið tökum við stefnuna á borgina Lyon.



13. ágúst | Lyon & Annecy

Undir morgun komum við að landi í Lyon. Nú er komið að því að kveðja áhöfnina á fljótaskipinu MS Van Gogh eftir sannkallaða dýrðardaga. Að loknum morgunverði förum við frá skipi og verður stefnan tekin rakleiðis á Annecy sem er yndislegur bær. Bærinn, sem liggur inn á milli fjallanna, er einn þeirra elstu í frönsku Ölpunum. Yfir honum gnæfir aldagömul höll og eru mörg húsanna frá 16.-18. öld. Við förum í stutta göngu með fararstjóra okkar um þennan töfrandi bæ en eftir það verður frjáls tími til að kanna svæðið á eigin vegum og til dæmis líta inn til kaupmanna. Kvöldverður á eigin vegum.



14. ágúst | Heimferð frá Genf

Þá er þessi glæsilega ferð á enda. Ekið verður til Genf en brottför þaðan er kl. 17:00 og landing í Keflavík kl. 18:55 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Um skipið MS Van Gogh

Skipið, sem er fimm akkera, varð partur af flota franska útgerðarfyrtækisins Croisi Europe árið 1999 og en árið 2018 fékk það glæsilega yfirhalningu. Skipið tekur hámark 100 farþega. Káeturnar eru rúmar og allar með tveimur rúmum eða hjónarúmi, sér baðherbergi með sturtu, loftkælingu, hárpurrku, sjónvarpi, öryggishólfi og stórum útsýnisglugga. Á aðalþilfari eru káetur með frönskum opnanlegum svölum. Á aðalþilfarinu er að finna huggulega setustofu með bar og glæsilegum veitingastað þar sem morgun-, hádegis- og kvöldverður er borinn fram. Á sólarþilfarinu eru sólbekkir en einnig eru þar borð og stólar. Fullt fæði er innifalið og eins allir drykkir með mat og á barnum meðan á siglingu standur.



Vinsamlegast athugið að dagskrá ferðarinnar getur raskast vegna breytinga á vatnsyfirborði siglingaleiða, bilunar í skipastigum eða annarra óvæntra aðstæðna.



Verð

549.900 kr. á mann í tvíbýli á aðal þilfari | 152.100 kr. aukagjald fyrir einbýli á aðal þilfari.

57.000 kr. aukagjald á mann í tvíbýli fyrir káetu á efra þilfari | Ekki er hægt að fá einbýli á efra þilfari.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði á hóteli í byrjun og lok ferðar.
- ✓ Morgunverður á hóteli.
- ✓ 8 daga fljótasigling frá Lyon og aftur til Lyon með MS Van Gogh.
- ✓ Gisting í 7 nætur á MS Van Gogh í káetum með sturtu/salerni.
- ✓ Morgun-, hádegis- og kvöldverður á MS Van Gogh.
- ✓ Allir drykkir með máltíðum á skipinu, vín, bjór, vatn og kaffi.
- ✓ Móttökudrykkur á skipinu og allir drykkir á bar.
- ✓ Hátiðarkvöldverður á skipinu.
- ✓ Aðgangseyrir í klaustrið Cluny.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar, hádegisverðir og vínsmökkun (fyrir utan það sem tekið er fram í innifalið).
- ✓ Einn kvöldverður í Annecy
- ✓ Þjóf fé til staðarleiðsögumanna.
- ✓ Þjóf fé til áhafnar MS Van Gogh skipinu u.þ.b. 35 € á mann.



Hótel

- ✓ Aux en Provance - Best Western Le Galice
- ✓ Annecy - BW Carlton Hotel Annecy

Nánari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bænduferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bænduferða.